

Reykjavík, 18. ágúst 2026

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Bls. | 1

(Lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda)

Efni: Umsögn um hvítbók um byggðamál

Hinn 19. júní síðastliðinn birti innviðaráðuneytið hvítbók um byggðamál í samráðsgátt. Hvítbókin hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, hér eftir nefnd samtökin, og vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin taka undir þá áherslu hvítbókarinnar að öflugt atvinnulíf, traustir innviðir og gott aðgengi að þjónustu séu mikilvægar forsendur sjálfbærrar byggðapróunar. Að mati samtakanna þarf í því samhengi sérstaklega að horfa til verslunar, flutninga og fjölbreyttrar þjónustustarfsemi sem fjallað verður nánar um hér í framhaldi.

Samgöngur og vöruflutningar grunnforsenda byggðar

Í umsögn samtakanna um grænbók um byggðamál var lögð áhersla á að góðar vegasamgöngur væru grundvallarforsenda byggðapróunar. Bent var á mikilvægi þess að vinna niður innviðaskuld, forgangsraða framkvæmdum á grundvelli kostnaðar- og ábatagreininga með hliðsjón af áhrifum á verðmætasköpun ásamt nauðsyni þess að styrkja vetrarþjónustu á vegum landsins. Áreiðanlegar vegasamgöngur allt árið eru forsenda þess að hægt sé að veita íbúum landsbyggðarinnar góða þjónustu ásamt því að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja óháð staðsetningu.

Samtökin fagna því sérstaklega að vetrarþjónusta sé tilgreind í hvítbókinni sem forsenda til að jafna aðgengi að þjónustu. Mikilvægt er hins vegar að sú áhersla skili sér í raunverulegri forgangsroðun og fjármögnun.

Samtökin vilja jafnframt leggja áherslu á að góðar samgöngur snúast ekki aðeins um ferðir einstaklinga milli staða. Vöruflutningar fá takmarkað vægi í hvítbókinni þrátt fyrir mikilvægi þeirra fyrir byggðir landsins en daglegt vöruflæði er órjúfanlegur hluti af þjónustu við landsbyggðina. Flutningafyrirtæki þurfa að koma matvælum, lyfjum og öðrum nauðsynlegum vörum um land allt ásamt því að flytja vörur fyrirtækja á landsbyggðinni á markaði. Trufanir á samgöngum t.d. vegna ófullnægjandi vetrarþjónustu og slæms ástands á vegum birtast því bæði í auknum kostnaði fyrirtækja og lakara þjónustu við íbúa. Greiðir og skilvirkir flutningar skapa forsendur fyrir aukna verðmætasköpun, fjölbreyttara atvinnulíf og betri tekjumöguleika íbúa landsbyggðanna. Um of hefur þess gætt í stjórnmálalegri umræðu að aðeins sé litið til

vöruflutninga frá sjónarhóli kostnaðar við gerð og viðhald samgöngumannvirkja. Þegar það er gert er aðeins horft á aðra hliðina en ábatinn látinn liggja milli hluta. Það er alvarlegt.

Þá hefur innan samtakanna gætt vaxandi óánægju með að þær umtalsverðu tekjur sem fyrirhugað er að innheimta af vegasamgöngum skili sér ekki að fullu aftur til vegamála. Samtökin hafa áður bent á að eðlilegt sé að tekjum sem tengjast notkun ökutækja sé varið til viðhalds, þjónustu og uppbyggingar á vegakerfinu. Samtökin telja brýnt að stjórnvöld tryggi skýrara samhengi milli þeirrar gjaldtöku sem lögð er á notkun ökutækja annars vegar og fjárframlaga til vegakerfisins hins vegar.

Bls. | 2

Verslun í minni byggðalögum

Í hvítbókinni er réttilega bent á að dagvöruverslun sé hluti af grunninnviðum samfélagsins. Þar er lagt til að rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum verði studdur til að koma til móts við háan flutningskostnað, óhagkvæm innkaup og erfið rekstrarskilyrði. Samtökin telja ástæðu til að skoða slíkar lausnir en leggja áherslu á að útfærslan verði unnin í nánú samráði við hagaðila og tryggt verði að hún raski ekki samkeppnisforsendum.

Samtökin telja jafnframt mikilvægt að horft verði með heildstæðari hætti til þess hvernig bæta megi tekjumöguleika og þar með rekstrarskilyrði dagvöruverslana í minni byggðarlögum. Í því samhengi hvetja samtökin til þess að verslunum í minni byggðarlögum verði heimiluð sala á áfengi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en sumar þessara verslana sinna nú þegar hlutverki afhendingar fyrir netverslun án þess þó að njóta nema takmarkaðs ávinnings af sölu þeirra. Með því að heimila áfengissölu í slíkum verslunum mætti færa hluta framlegðar af áfengissölu í nærumhverfið og styrkja rekstrargrundvöll verslana í minni byggðarlögum.

Aðgengi að sérfræðipjónustu

Samtökin telja það jákvætt skref að í áherslum hvítbókarinnar sé gert sé ráð fyrir að bæði opinberir og einkareknir heilbrigðisþjónustuveitendur geti komið að verkefnum er snúa að því að bæta aðgengi að sérhæfðir heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og þjónustu sem þegar er til staðar og skapa svigrúm fyrir fjölbreyttar lausnir, meðal annars með auknu samstarfi við einkarekna sérfræðilækna og nýtingu stað- og fjarþjónustu. Með slíku fyrirkomulagi má bæta aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að sérfræðipjónustu og stuðla um leið að hagkvæmri nýtingu þeirra fjármuna og þeirrar sérfræðipekkingar sem til staðar er.

Lokaorð

Samtökin telja hvítbókina fela í sér ýmis jákvæð skref. Mikilvægt er að við frekari útfærslu byggðastefnunnar verði horft með skýrum hætti til rekstrarskilyrða fyrirtækja og mikilvægi þess að tryggja skýrara samhengi milli tekna hins opinbera af notkun ökutækja og fjárframlaga til viðhalds, þjónustu og uppbyggingar vegakerfisins.

Að lokum fagna samtökin því að gert sé ráð fyrir aðkomu þeirra þegar kemur að því að auka matvælaöryggi og styðja við nýsköpun og vöruþróun smáframleiðenda matvæla og eru reiðubúin til samstarfs.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Bls. | 3

Benedikt S. Benediktsson
framkvæmdastjóri